

Miðvikudaginn 20. desember 1989.

Nr. 216/1989. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

**Jóni Marteini Guðröðarsyni**

(Sigurður Georgsson hrl.).

Fiskveiðibrot.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 16. maí 1989 og jafnframt af ákærvaldsins hálfu til þyngingar refsingar.

Ákærði krefst aðallega sýknu af kröfum ákærvalds, en til vara, að sér verði ekki gerð sérstök refsing. Þá er þess krafist, að allur sakarkostnaður fyrir Hæstarétti verði greiddur úr ríkissjóði. Jafnframt er krafist hækkunar á réttargæslu- og málsvarnarlaunum í héraði.

Matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna er með þeim hætti, að hún hefur eigi þýðingu í máli þessu.

Mælingu varðskipsmanna, sem þeir gerðu á möskvastærð botnvörpu skuttogarans um borð í skipinu 1. nóvember 1988, ber að leggja til grundvallar í málinu. Reyndist meðaltal 130 mældra möskva vera 152,3 mm og því undir leyfilegri stærð. Var botnvarpan því ólögæt að því leyti. Þá er sannað, að útbúnaður botnvörpunnar var einnig ólöglegur, með því að minna bil var milli gjarða en leyfilegt var.

Ákærði hefur því gerst brotlegur við 1. mgr. 1. gr. og c-lið 7. gr., sbr. 10. og 11. gr., reglugerðar nr. 125/1979, um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu, sbr. 12. gr. og 1. mgr. 18. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 81/1976, sbr. 4. gr. laga nr. 118/1984, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 299/1975, og lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins, nr. 44/1948, sbr. lög nr. 45/1974.

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands jafngilda nú 100 gull-

krónur 3.657,75 krónum. Með hliðsjón af því þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 300.000,00 króna sekt, er renni til Landhelgissjóðs Íslands samkvæmt 21. gr. laga nr. 81/1976, og komi þriggja mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Sigurður Georgsson hæstaréttarlögmaður var skipaður verjandi ákærða í héraði 16. mars 1989, en ákæra var gefin út 27. janúar sama ár. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað verður því staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dóms-orði greinir.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Marteinn Guðröðarson, greiði 300.000,00 krónur í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald þrjá mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin sakasóknarlaun, 50.000,00 krónur, í rikissjóð og málsvarnarlaun skipaðs verja síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmans, 50.000,00 krónur.

#### Dómur sakadóms Suður-Múlasýslu 13. apríl 1989.

##### I.

##### *Dómkröfur.*

Mál þetta, sem tekið var til dóms 10. apríl sl., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 27. janúar 1989, á hendur Jóni Marteini Guðröðarsyni, Bakkagerði 2, Stöðvarfirði, skipstjóra á skuttogaranum Kambarröst, SU 200, skipaskrárnúmer 1505, sem er 487 brúttórúmllestir og 47.91 lengdarmetri, fyrir fiskveiðibrot „með því að hafa árla morguns þriðjudaginn 1. nóvember 1988 verið á botnvörpuveiðum á skipinu í fiskveiðilandhelgi Íslands í Berufjarðardjúpi og á Hvalbaksgrunni með botnvörpu með möskva allt niður í 130 mm í stað 155 mm lágmarksmöskvastærðar, sem áskilið er í a.m.k. átta öftustu metrum botnvörpu. Í neðra byrði poka mældust 22 möskvar af 60 mældum möskvum 130-150 mm, og í efra byrði poka mældist 31 möskvi af 70 mældum möskvum 135-155 mm og því samtals

53 möskvar af samtals 130 möskvum, 40,7% mælinga, undir tilskilinni lágmarksstærð möskva.

Enn fremur er málið höfðað fyrir ólöglegan útbúnað botnvörpunnar að öðru leyti, með því að minna bil var á milli gjarða en áskilið er, frá poka-enda í 1. gjörð 1 metri, frá 1. gjörð í 2. gjörð 1,30 metrar og frá 2. gjörð í 3. gjörð 0,9 metrar.

Brot ákærða telst varða við 1. mgr. 1. gr., sbr. 6. gr. og c-lið 7. gr., sbr. 10. og 11. gr., reglugerðar um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu, nr. 125/1979, sbr. 12. og 1. mgr. 18. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 81/1976, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 299/1975, lög nr. 44/1948 og lög nr. 45/1974, um breyting á þeim lögum.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 1. mgr. 18. gr. nefndra laga, nr. 81/1976, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Skipaður verjandi ákærða, Sigurður Georgsson hrl., krefst þess, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds og að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnar- og réttargæslulaun.

## II.

### *Málsatvik.*

Hinn 1. nóvember 1988 tilkynnti skipherrann á varðskipinu Óðni, að hann hefði staðið skipstjóranum á skuttogaranum Kambaröst, SU 200, að ætluðum ólöglegum veiðum þá fyrr um daginn og gefið honum fyrir mæli um að sigla skipinu til hafnar á Eskifirði, þar sem mál hans yrði tekið til frekari rannsóknar. Skipherra kvað varðskipið og bv. Kambaröst verða komin til hafnar um kl. 18.00 og óskaði eftir því, að bæjarfógetaembættið á Eskifirði hlutaðist til um, að gerðar yrðu viðeigandi ráðstafanir, er skipin kæmu í höfn.

Formleg rannsókn hófst fyrir dóminum kl. 20.40 sama dag, 1. nóvember 1988.

Skipherra á varðskipinu hefur lagt fram skýrslu sína, og er hún svoljóðandi:

Þriðjudaginn 1. nóvember 1988 var bv. Kambaröst, SU 200, staðinn að ætluðu reglugerðarbroti í Berufjarðardjúpi. Skipstjóri bv. Kambarastar, SU 200, er Jón Marteinn Guðröðarson, nnr. 5136-8568, fæddur 16. mars 1941, til heimilis að Bakkagerði, Stöðvarfirði.

Nánari atvik voru sem hér segir:

Þriðjudaginn 1. nóvember 1988, er varðskipið var á eftirlitssiglingu SA af Hvalbak, var tekið eftir skipi í ratsjá varðskipsins. Kl. 6.27 var gerð eftirfarandi mæling:

Hvalbakur r/v 319°, fjarlægð 7,7 sjómíllur, og samtímis mældist skipið í r/v 217° í 12,0 sjómílu fjarlægð. Gefur þessi ákvörðun stað skipsins um 15,2 sml. innan karfalínunnar.

Kl. 6.33 var gerð eftirfarandi mæling:

Hvalbakur r/v 322°, fjarlægð 8,8 sjómíllur, og samtímis mældist skipið í r/v 220° í 11,2 sjómílna fjarlægð. Gefur þessi ákvörðun stað skipsins um 15,1 sjómílu innan karfalínunnar.

Kl. 7.15 sást greinilega, að skipið var skuttogari og sneri bakborðshlið að varðskipinu, sem sigldi í r/v 240°.

Kl. 7.25 sást, að togarinn hafði snúið þannig, að nú sneri hann stjórnborðshlið að varðskipinu, sem sigldi óbreytta stefnu.

Kl. 7.27 sást, að togarinn var að hifa net upp skutrennuna.

Kl. 7.30 var gerð eftirfarandi mæling við hlið togarans, sem reyndist vera bv. Kambaröst, SU 200:

Krossanes r/v 283°, 31,6 sjómíllur. Gefur þessi ákvörðun stað skipanna um 13,9 sjómíllur innan karfalínunnar (sett út í kort frá fyrstu hæðarlínu).

Var skipstjóra Kambarastar sagt að stöðva skip sitt, því að varðskipið hygðist senda mælingamenn yfir til hans.

Kl. 7.35 var gerð eftirfarandi mæling við hlið Kambarastar, sem hafði verið stöðvuð:

Krossanes r/v 283°, fjarlægð 31,2 sjómíllur. Gefur þessi ákvörðun stað skipanna um 14,2 sjómíllur innan karfalínunnar (sett út í kort frá sama tíma og fyrr).

Frá kl. 7.37 til kl. 11.00 unnu 1. og 2. stýrimaður varðskipsins ásamt tveimur hásetum við mælingar á veiðarfærum og afla Kambarastar, og komu eftirfarandi atriði í ljós:

1. Poki vörpunnar reyndist 10,4 metrar, en samkvæmt reglugerð nr. 353/1984 á poki botnvörpu að vera 8,0 metri.

2. Af 130 möskvum, sem mældir voru í efra og neðra byrði pokans, reyndust 53 undir lágmarksstærð möskva samkvæmt reglugerð nr. 353/1984, 40,7% mælinga.

3. Frágangur gjarða var eftirfarandi:

1 metri frá pokakolli að fyrstu gjörð, 1,3 metrar á milli fyrstu og annarrar gjarðar, 0,9 metrar milli annarrar og þriðju gjarðar, 2,8 metrar milli þriðju og fjórðu gjarðar og 2,7 metrar milli fjórðu og fimmtu gjarðar.

Er þessi búnaður ekki heldur í samræmi við ákvæði fyrrnefndrar reglugerðar.

Kl. 11.10 var skipstjóra Kambarastar sagt að halda til Eskifjarðar, þar sem mál hans yrði rannsakað frekar.

Veiðarfæramælingar varðskipsins fylgja skýrslu þessari ásamt mælingunni á afla.

Staðarákvarðanir voru gerðar með Sperry-MK-16-ratsjá, og voru fjarlægðarhringirnir bornir saman við þá föstu og reyndust réttir.

Með skýrslunni fylgir enn fremur sjókort nr. 71, sem staðir skipanna eru markaðir inn á ásamt karfalínunni og reglugerðarhólfinu frá 6. ágúst síðastliðnum.

Veður: NNA-5, sjór 3-4, léttskýjað.

Höskuldur Skarphéðinsson skipherra  
(sign).“

Skýrslu skipherra fylgdi úrklippa úr sjókorti. Enn fremur fylgdi skýrsla um mælingar varðskipsmanna á veiðarfærum.

Vitnið Höskuldur Skarphéðinsson skipherra kom fyrir réttinn og staðfesti framangreindar skýrslur, sem það hafði gert um málið. Að skýrslu hafi unnið auk þess yfirstýrimaður og 2. stýrimaður. Vitnið kveðst hafa unnið að mælingum á staðarákvörðunum skipsins, tveimur hinum síðari. Samkvæmt mælingum á staðarákvörðun skipsins reyndist það á veiðum innan lokaðs hólf. Staðarákvarðanir voru gerðar með ratsjá af gerðinni Sperry-MK-16.

Aðspurt segir vitnið 1. og 2. stýrimann hafa annast mælingar á botnvörp-  
unni.

Þá segir vitnið skipverja hafa verið að hala, er varðskipið bar að.

Kom þá fyrir dóminn sem vitni Ómar Karlsson, yfirstýrimaður á varðskipinu Óðni.

Staðfesti vitnið skýrslu skipherrans sem rétta. Vitnið kveðst hafa annast tvær síðari mælingar, sem gerðar voru á staðarákvörðun skipsins, ásamt skipherra og 1. stýrimanni.

Vitnið Guðmundur Emil Sigurðsson, 1. stýrimaður á varðskipinu Óðni, kom fyrir dóminn og staðfesti skýrslu skipherra. Sagðist það hafa annast tvær fyrstu staðarákvarðanir skipsins eitt og tvær hinar síðari með skipherra, yfirstýrimanni og 2. stýrimanni og staðfestir þær réttar. Þá kvaðst vitnið hafa unnið að mælingum á veiðarfærum og afla skipsins.

Vitnið Friðrik Hermann Friðriksson, 2. stýrimaður á varðskipinu Óðni, kom fyrir dóminn og sagðist hafa unnið að tveimur síðari staðarmælingum skipsins, staðfesti mælingar réttar svo og skýrslu skipherra. Vitnið sagðist hafa unnið að mælingum á veiðarfærum og afla skipsins, en verið var að hala, þegar varðskipið bar að.

Ákærði, Jón Martein Guðröðarson, kvaðst viðurkenna að hafa verið á veiðum innan karfalínunnar, en samkvæmt sinni mælingu hefði skip sitt þá verið 0,7 sjómílar suðvestur af friðuðu svæði á Breiðdalsgrunni, er skipið var stöðvað. Segist hann hafa fengið tilmæli um að sigla til hafnar, þar sem skipið hafi verið staðið að veiðum inni í lokuðu hólf.

Í mælingum varðskipsmanna telur ákærði 1. lið réttan, þ.e. mælingu á poka botnvörpunnar, en mótmælir vísan til reglugerðar nr. 353 frá 1984 sem rangri. Um 2. lið, mælingar á möskvastærð, gerir ákærði þá athugasemd, að sér vitandi hafi varðskipsmenn ekki mælt möskvastærð vængja og belgs, þó að þeir gefi upp stærð möskva. Hann telur 3. lið réttan.

Er ákærði kom síðar fyrir dóm, mótmælti hann niðurstöðum möskvamælinga varðskipsmanna. Jafnframt mótmælti hann, hvernig að töku skipsins var staðið. Ákærði segist hafa verið færður til hafnar á þeim forsendum, að hann væri að veiðum inni í lokuðu hólfi, þrátt fyrir það að samkvæmt „videoplotter“ skipsins hafi hann talið sig vera 0,7 sjómílar suðvestur af friðuðu svæði á Breiðdalsgrunni. Hafi sér verið bent á, að um skekkju væri að ræða í tæki sínu.

Að beiðni lögmanns ákærða voru nú dómkvaddir matsmenn til að sannreyna möskvastærð. Þá komu varðskipsmenn til hafnar að nýju og endurtóku mælingu á möskvastærð botnvörpunnar jafnframt því að mæla möskvastærð karfapoka skipsins.

Vitnið Höskuldur Skarphéðinsson kom aftur fyrir dóminn og staðfesti efni fram lagðra gagna. Bornar eru saman tvær fyrri mælingar varðskipsmanna á möskvastærð botnvörpunnar. Undirmálmöskvar reyndust 40,7% samkvæmt fyrri mælingu, en 7% minni munur við hina síðari, þ.e. 33,7%. Benti vitnið á, að fyrri mæling væri frumathugun, sem hann teldi, að næsta mæling styddi. Vitnið telur síðari mælingu leiða í ljós, að hinn umdeildi poki sé þorskpoki þrátt fyrir undirmálmöskva, sem fram komu við mælingu.

Aðspurt segir vitnið, að niðurstaða möskvamælinga ein hafi leitt til þess, að skipið var fært til hafnar, en vill auk þess benda á ögrandi siglingu skipsins.

Vitnið Ómar Karlsson yfirstýrimaður kemur enn fyrir dóminn og kveður síðari mælingu gerða af sömu mönnum á sömu tæki. Vitnið kveðst sannfært um, að sami poki hafi verið mældur. Það getur þess, að niðurstaða mælinga bendi til of smárra möskva af þorskpoka að vera, telur, að um teygðan karfapoka sé að ræða.

Vitnið Guðmundur E. Sigurðsson, 1. stýrimaður, kom fyrir dóminn, en það hafði gert mælingar ásamt 2. stýrimanni og staðfestir efni þeirra. Vitnið segir mælingar hafa verið gerðar á sama poka og telur, að um þorskpoka hafi verið að ræða. Þá telur vitnið hugsanlegt, að framleiðslugalli geti valdið undirmálmöskva.

Vitnið Friðrik Hermann Friðriksson, 2. stýrimaður, kom fyrir dóminn og staðfesti mælingar sínar. Taldi það ekki leika vafa á, að sami poki hefði verið mældur í bæði skiptin, en vafa leika á, hvort um karfa- eða þorskpoka hefði verið að ræða.

Aðspurt um skýringu á mun mælinga varðskipsmanna segist það álíta afleiðingu þess, að nót hafi fyrst verið mæld úr hafi, en lítillaga bleytt við síðari mælingu.

Þá kom fyrir dóminn Jónas Sveinsson, sem starfar við netaverkstæði Hraðfrystihúss Eskifjarðar og dómkvaddur var til möskvamælinga. Staðfestir hann skýrslu sína og segir, að samkvæmt sinni mælingu hafi ekki mælst undirmálmöskvar. Vitnið var viðstatt mælingu varðskipsmanna og telur vinnubrögð nokkuð frábrugðin því, sem það átti að venjast á sjó.

Þorbergur Hauksson, starfsmaður netaverkstæðis Hraðfrystihúss Eskifjarðar og dómkvaddur til möskvamælinga, kom fyrir dóminn og staðfesti skýrslu sína. Aðspurður um undirmálmöskva við mælingar þeirra segist hann hafa orðið var við einn undirmálmöskva. Þá telur vitnið aðspurt mælingu hafa farið fram á þorskpoka.

Vitnið var viðstatt mælingu varðskipsmanna og telur, að við þær mælingar, sem það þekkir til, hafi verið þrýst fastar í möskvana en hann varð vitni að í gær.

### III.

#### *Niðurstaða.*

Með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins telst sannað, að ákærði hafi þriðjudaginn 1. nóvember 1988 verið að botnvörpuveiðum á skuttogar-  
anum Kambaröst, SU 200, á Berufjarðardjúpi, um 14,2 sjómílar innan karfalínunnar. Ekki er deilt um staðarákvarðanir í málinu. Á svæði þessu ber við veiðar að hafa botnvörpu skipa þannig útbúna, að lágmarks-  
möskvastærð að minnsta kosti átta öftustu metra sé 155 mm, með vísan til 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 125 frá 5. mars 1979, um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu.

Við möskvamælingar varðskipsmanna á veiðarfærum Kambarastar, SU 200, var beitt hefðbundinni mæliaðferð Landhelgisgæslunnar, sem er í samræmi við 14. gr. reglugerðar nr. 263 frá 1970, um alþjóðlegt fiskveiða-  
eftirlit utan landhelgi og fiskveiðilögsögu. Reglugerð þessi er sett sam-  
kvæmt lögum.

Niðurstöður mælinga voru þær, að 40,7% af mældum möskvum reyndust undir tilskilinni lágmarksstærð möskva.

Að ósk lögmanns ákærða voru dómkvaddir starfandi netagerðarmenn til að annast mælingu á veiðarfærum skipsins. Niðurstaða þeirrar mælingar var sú, að engir undirmálmöskvar mældust. Enn var hin umrædda varpa skipsins mæld af varðskipsmönnum að viðstöddum aðilum málsins svo og hinum dómkvöddu matsmönnum. Við mælingu þessa reyndust frávik vera 7% minni en við fyrri mælingu varðskipsmanna.

Á grundvelli niðurstöðu ýtarlegra mælinga varðskipsmanna þykir talið sannað, að ákærði, Jón Marteinn Guðröðarson, hafi þriðjudaginn 1. nóvember 1988 gerst sekur um fiskveiðibrot. Ákærði var þá á botnvörpuveiðum á skuttogaranum Kambaröst, SU 200, sem er 487 brúttórúmllestir og 47,91 lengdarmetri, í Berufjarðardjúpi og á Hvalbaksgrunni með botnvörpu, sem reyndist með of smáa möskva, þar sem ákærða bar að hafa botnvörpu skipsins útbúna þannig, að lágmarksmöskvastærð a.m.k. átta öftustu metra væru 155 mm.

Með eigin játningu ákærða telst sannað, að útbúnaður botnvörpu var ólöglegur að því leyti, að minna bil var á milli gjarða en áskilið er í c-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 125/1979.

Í ákæru ríkissaksóknara er hegðun ákærða réttilega lýst og hún þar heimfærð til rétttra refsingarákvæða.

Nokkurrar ónákvæmni gætti við kæruefni skipherra vs. Óðins. Þótt ekki skipti máli fyrir niðurstöðu málsins, verður að ætlast til þess, að starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands leggi fyrir dómstóla kærur, þar sem kæruefnið komi ótvírætt fram.

Í vottorði Seðlabanka Íslands 1. nóvember 1988 segir svo: „Samkvæmt gullgildi 1. nóvember 1988 jafngilda 100 gullkrónur 2.823,09 kr. -tvö þúsund átta hundruð og tuttugu og þremur 09/100 krónum.“

Ákærði, Jón Marteinn Guðröðarson, er sakhæfur. Hann er fæddur 16. mars 1941 í Kálfavík, Ögurhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, og hefur samkvæmt vottorði frá sakaskrá ríkisins á tímabilinu frá 1959 til 1982 fjórtán sinnum í dómsáttum undirgengist greiðslu sekta fyrir áfengislagabrot, þrisvar sektargreiðslu fyrir umferðarlagabrot, tvisvar sektargreiðslu fyrir áfengis- og umferðarlagabrot og sviptingu ökuleyfis og dóm fyrir brot á umferðar- og áfengislögum.

Samkvæmt refsíákvæðum þeim, er í ákæruskjali greinir, og með hliðsjón af stærð skuttogarans Kambarastar, SU 200, og málsatvikum að öðru leyti þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sekt 160.000,00 kr. til Landhelgisgjóðs Íslands, og komi 50 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sigurðar Georgssonar hrl., 40.000,00 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Inger L. Jónsdóttir aðalfulltrúi kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmanninum Garðari Eðvaldssyni skipstjóra.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Marteinn Guðröðarson, greiði 160.000,00 kr. í sekt til Landhelgisgjóðs Íslands.

Í stað sektar komi varðhald 50 daga, verði sekt ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sigurðar Georgssonar hrl., 40.000,00 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

---